

Aðalfundur Framfarafélags Flateyjar 2023

Haldin 11.mars 2023 kl. 14:00 að Guðríðarstíg 2-4 í Reykjavík

Mættir :

Aðalheiður S.Sigurðardóttir Vogur, Anna Sigrún Baldursdóttir Byggðarenda, Einar Ólafur Karlsson Myllustaðir, Friðrik Einarsson Sólbakki, Guðmundur Lárusson Vogur, Gunnar Sveinsson Eyjólfshús, Gyða Steinsdóttir Sunnuhvoll, Katrín I.Barðadóttir Eyjólfshús, Kristín Ingimarsdóttir Sólbakki, Kristinn Nikulásson Bentshús, María Gestsdóttir Sólheimar, Sigfús Jónsson Bentshús, Sigurmar Albertsson Vegmót, Stefán Hrannar Guðmundsson Myllustaðir, Svava Sigurðardóttir Eyjólfshús, Þorvarður Björgvinsson Bræðraminni, Valgerður Þorbjörg Elín Eyjaberg,

Dagskrá fundarins samkvæmt lögum félagsins:

1. Skýrsla stjórnar um störf ársins 2022-23
2. Reikningar félagsins 2022 lagðir fram til umræðu og samþykktar
3. Fjárhagsáætlun 2023 lögð fram til umræðu og samþykktar
4. Tillögur til breytinga á lögum félagsins
5. Kosning stjórnar og formanns skv. gr. 3.1.
6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga úr hópi annarra félaga
7. Skýrslur annarra félaga eða nefnda tengdum Flatey sem óska eftir að gera grein fyrir starfi sínu
8. Önnur mál

Anna Sigrún Baldursdóttir fundarstjóri setur fundinn kl.14:10.

Fundarritari er Katrín I.Barðadóttir.

1.Skýrsla stjórnar

Kristín formaður flytur skýrslu stjórnar. Starfsárið var frekar stórtíðindalítið. Stjórnin fundaði mánaðarlega og unnið var að ýmsum málum sem hafa flest verið hefðbundin. Greint var frá helstu verkefnum stjórnar á starfsárinu.

Unnið var að viðhaldi stíga í byrjum maí. Tekinn var fyrir stígurinn frá dósalandinum upp á bakkann. Unnið var í viðhaldi vegarins, heilmikil mól borin í hann alveg inn í þorp. Svo var hefлаð á flagheflinum. Fenginn var styrkur frá Vegagerðinni sem gerði þetta mögulegt og reynt verður að halda þessu áfram á næsta ári. Engin loforð eru fyrir frekari styrkjum en reynum að afla þeirra.

Það varð olíuleki í fyrravetur við rafstöðvarnar og við ræddum bæði við OV og Olíudreifingu um jarðvegsskipti og ráðstafanir við að grípa mengun. Olíudreifing sendi fulltrúa sem ætlaði að skoða hvort má setja þró niður sem tæki við mengun en við höfum ekki heyrt neitt ennþá frá þeim framkvæmdum. Við höfum ekki heyrt neitt af aðgerðum frá OV þótt við höfum talað við þau tvisvar um þetta.

Príla yfir girðinguna neðan við kirkjuna var lagfærð.

Flateyjar dagar voru haldnir í ágúst. Börn og fullorðnir tóku þátt í leikjum og bingó í Frystihúsinu. Börnunum var boðið upp á ís.

Kannaðir voru möguleikar og vilji fyrir að endurnýja leiktækin sem eru við Vegamót í Mýrinni. Nágrannar þeirra tóku vel í það. Reynt verður að koma vinnu við það af stað í sumar.

Búin var til ný síða á Facebook „Húseigendur í Flatey“ sem á að vera vettvangur fyrir húseigendur og þeirra fjölskyldur. Á stóru Flateyngasíðunni eru margir sem ekki tilheyra eyjunni og þeim þarf alls ekki að berast öll skilaboð eða umræður sem snertir húseigendurna.

Verið er að safna í póstlista húseigenda. Við viljum hafa upplýst samþykki fyrir að fólk sé á þeim póstlista upp á persónuverndarlögin.

Búið er að setja inn Brunavarnarskjal á nýja síðu húseigenda á FB og heimasíðuna okkar. Skjalið var unnið í samstarfi við Eldvörnum ehf. á Akranesi. Þar gefa þau góð ráð til brunavarna og bjóða afslátt af vörum til eyjaskeggja. Áætlun er um að fá þau snemma í júní í eyjuna með ráðgjöf og sölu á brunavarnavörum.

Reynt var að koma á fundi í raunheimum með stjórn FFFog sveitarstjórn Reykhóla, en það tókst ekki í vetur, vonandi náum við saman í vor. Okkur langar að treysta samskiptin og tengslin við hreppinn.

Í framhaldi af umræðum á síðasta aðalfundi kannaði stjórnin lauslega áhuga á myndavél í Flatey og það var greinilegt að hann er ekki mikill, en mikil andstaða við þær hjá mörgum félagsmönnum. Félagið mun því ekki styðja að settar verði upp myndavélar á almennum svæðum eða þannig að umferð fólks um veginn eða opin og almenn svæði sjáist. Þetta er afskekkt eyja og fólk er í sumarfrí eða að sinna störfum sínum og ekki áhugi fyrir að vera í upptöku eða í streymi frá myndavél.

Breiðafjarðarferjan var til umræðu, við sendum bæði vegagerðinni og samgönguráðherra erindi þar sem við ítrekuðum okkar þarfir og nauðsyn þess að hafa ferju. Við vorum í samskiptum við sveitarstjóra Reykhólahrepps og bæjarstjóra Stykkishólmsbæjar um að hitta ráðamenn sameiginlega og reyna að halda okkar áherslum á lofti.

Framfarafélagið á tvo fulltrúa í sex manna vinnuhópi Umhverfisstofnunar um stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins í Flatey. Hópurinn hefur fundað reglulega undanfarið og innan skamms verður stjórnunar- og verndaráætlunin kynnt.

Albert Páll Sigurðsson í Klausturhólum kynnti Ólafarbrunn, sögu og aðgerðir. Stjórnin fór í embættisferð að brunninum í hans fylgd og við skoðuðum með honum hvað væri æskilegt að gera. Þar sem þetta eru fornminjar þá megum við leikmenn ekki gera neitt en við fengum ráð hjá Guðnýju Gerði í Bentshúsi. Hún segir að það verði að vera fornleifafræðingur sem stæði fyrir leyfis- og styrkumsóknum og benti á aðila sem mætti ræða við. Albert Páll hefur verið hvatamaður þarna og er að vinna í þessu, félagið styður hann í þessu áhugaverða framtaki. Svona hlutir taka sjálfsagt ár en ekki bara mánuði.

- Endurhlaða á brunninn og grafa hann upp. Fóðra að utan svo hann geti orðið með nothæfu vatni.
- Loka þarf aðgengi til að ekki verði slysaþætta.
- Aðkoma þarf að vera malarborin og snyrtilega frágengin, skilti og bekkur til að njóta útsýnisins.
- Verkáætlun um að endurgera brunninn fylgir í pósti sem APS sendi í september og fjárhagsáætlun þarf að liggja fyrir.

Nú er gatan í Flatey orðin viðurkennd vistgata og við erum komin með tvö skilti sem þarf að setja upp. 15 km hámarkshraði er á veginum sem þýðir minni hraði og minni rykmengun.

Guðný Gerður hefur verið áhugasöm um að aðstoða við að bæta við og uppfæra alls kyns upplýsingar um húsin og söguna á heimasíðunni okkar, flatey.com. Hún kom á fund með okkur og við ræddum þessi mál og ýmsar hugmyndir. Hún er reynslubolti á þessu sviði og er til í að vinna að textavinnu og praktískum atriðum varðandi kynningu á verndarsvæði í byggð og öðru sem væri gaman að gera sýnilegt eða læsilegt á síðunni. Okkur langar að uppfæra upplýsingar um húsin og það eru mörg tækifæri við vinnu á síðunni. Hún og María Gestsdóttir í Sólheimum hafa rætt saman um hugmyndir og áform. Ef einhver er áhugasamur/söm/samt um að leggja hönd á plóg þá er það vel þegið.

Rafstöðvarnar hafa verið að bila. Við höfum ekki gripið til neinna aðgerða en við höfum fylgst með og frétt af stöðu mála. Okkar maður í eyjunni, Bjarni Sigurjóns hefur verið vakinn og sofinn yfir þessum vélum.

2.Reikningar félagsins fyrir árið 2022 lagðir fram til umræðu og samþykktar

Svava gjaldkeri flytur reikninga félagsins með útskýringum einstakra liða.

	2022	2021
Rekstrategjur	2.160.324 kr.	1.522.438 kr.
Rekstrargjöld	1.488.662 kr.	375.672 kr.
Hagnaður	701.738 kr.	1.150.963 kr.
	31.12.2022	31.12.2021
Eignir	3.658.603 kr.	2.956.885 kr.
Skuldir	0 kr.	0 kr.

Valgerður spyr hvers vegna sé misræmi í kostnaði við heimasíðu á milli ára. Svava segir það vera vegna þess að þriðja hvert ár greiðum við fyrir hýsingu heimasíðunnar.

Valgerður spyr um innkomu vegna skemmtiferðaskipa og hvort sé ástæða til að endurskoða fjárhæðina sem skipin greiða. Svava segir að skipin greiði 3-400 evrur í hvert skipti sem þau koma því þau vilja leggja eitthvað til eyjarinnar þó þau fái ekki neina þjónustu. Þessa fjármuni notar FFF til stígagerðar. Skemmtiferðaskipin eru farin að nota Frystihúsið til tónleikahalds og greiða fyrir það. Svava segir að það sé ekki raunhæft að breyta fjárhæðinni þar sem skipin fái enga þjónustu frá okkur. Kirkjan aftur á móti veitir leiðsögn um eyjuna og fær greitt frá skemmtiferðaskipunum eftir gjaldskrá.

3.Fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 lögð fram til umræðu og samþykktar

Svava kynnir áætlunina og segir sjóði félagsins standa mjög vel.

Reikningar og fjárhagsáætlun lagðir fram. Samþykkt samhljóða.

4.Tillögur til breytinga á lögum félagsins

Engar breytingatillögur eru á lögum félagsins.

5. Kosning til stjórnar

Katrín Ingibjörg Barðadóttir og María Gestsdóttir ganga úr stjórn en aðrir stjórnarmenn gefa áfram kost á sér. Tillaga um að Þórunn Harðardóttir Einarshúsi og Einar Ólafur Karlsson Myllustöðum taki sæti í stjórn. Samþykkt með lófataki.

Ný stjórn FFF fyrir starfsárið 2023-2024 :

Kristín Ingimarsdóttir Formaður,

Einar Ólafur Karlsson,

Svava Sigurðardóttir,

Stefán Guðmundsson

Þórunn Harðardóttir.

6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Kristinn Nikulásson og Katrín Baldvinsdóttir gefa áfram kost á sér. Samþykkt með lófataki.

7. Skýrslur annarra félaga eða nefnda tengdum Flatey

Gunnar Sveinsson flytur skýrslu Flateyjarkirkju. Hann talar um velvilja til kirkjunnar og sé hún velstæð. Dósasöfnun gaf um 600.000 kr. til kirkjunnar þetta árið.

Flateyjarkirkja verður 100 ára í desember 2026. Undirbúningur að hátíðarhöldunum af því tilefni sé hafin. Fyrsti fundur var haldin síðasta sumar og mun Auðunn Atlason í Ásgarði leiða alla vinnu við undirbúning hátíðahaldanna. Stefnt er á að halda afmælishátíðina sumarið 2026. Kirkjan verður máluð, hellulagt verður við inngang í kirkjugarð og sett upp upplýsingaskilti og bekkir. Stefnt er á tónleikahald og settar verða upp sýningar víðsvegar um eyjuna. M.a. verður reynt að fá gömlu altaristöflu kirkjunnar til sýningar.

Gunnar sagði frá samvinnu sinni við Albert Pál vegna Ólafarbrunnns. Gunnar sagði okkur einnig frá áhyggjum sínum af framtíð og viðhaldi bókasafnins. En það er núna undir hatti þjóðminjasafnsins. Áhugasömum um málefni kirkjunnar er bent á skýrslu kirkjunnar sem Gunnar mun senda frá sér.

8. Önnur mál

Guðmundur Lárusson sagði frá endurvakningu félagsins um bátaskýlið en það ber nafnið Hið Breiðfirska teinæringssvogsfélag. Komin er mikill tími á viðhald á bátaskýlinu og verður gerð bráðabirgðaviðgerð á hluta þaksins í sumar.

Gunnar kvaddi sér hljóðs og benti á nokkra aðila í eyjunni sem vert væri að þakka fyrir störf sín í okkar þágu. Í kjölfarið komu upp vangaveltur hvernig við gætum í framtíðinni lyft því fólki sem leggur mikið til samfélagsins í eyjunni ?

Friðrik vildi koma á framfæri áhyggjum sínum á því að leiðarmerkin á sundinu eru að hruni komin. Auk þess sem Silfurgarðurinn og stóri garður eru farin að láta verulega á sjá.

Gyða leggur til að ný stjórn kanni hvort Orkubú Vestfjarða hafi kynnt sér aðrar lausnir orkumálum fyrir eyjuna. Í umræðum kom upp sú spurning hvort Orkubúið viti af fjölgun

varmadæla til kyndingar í eyjunni. Slík fjölgun kallar á stöðugra rafmagn og inntökin/örygginn í eyjunni eru of lítil.

Gyða vildi minna á mikilvægi þess að halda áfram með göngustíga verkefnið. Það væri verkefni sem aldrei tæki enda vegna þess að stígarnir þarfnast reglulegs viðhalds.

Fundarstjóri þakkaði fyrir fundinn og óskaði fundarmönnum góðrar skemmtunar á Vetrarhátíðinni í kvöld.

Fundi slitið kl. 15:20.

Katrín Ingibjörg Barðadóttir.